

ÞVOTTAVÉLAR

&ÞVOTTAEFNI

Kynningarblað Þvottalaugar, þvottaráð, þvottastaðreyndir, þvottavélar, þvottaefni

Milt þvottaefni fyrir íslenskar aðstæður

Mjöll Frigg er stærsti framleiðandi hreinlætisvara á Íslandi og hefur í áratugi þróað vörur sínar með þarfir íslenska markaðarins að leiðarljósi. **Mjöll Frigg** framleiðir Milt þvottaefni. Milt er umhverfisvænt og án ofnæmisvaldandi efna.

Milt án ilmefna

Milt er án allra ilmefna. Ilmefni geta orsakað ofnæmisviðbrögð, jafnvel þó aðeins sé um litla lykt að ræða. Ofnæmi getur lýst sér sem erting í húð, útbrot og öndunaróþægindi. Ilmefni hafa ekki áhrif á hreinsivirkni þvottaefnis og eru því ekki nauðsynleg.

Milt án bleikiefna

Milt inniheldur ekki ljósvirk bleikiefni, en slík efni geta valdið ofnæmi og eru skaðleg umhverfinu. Með notkun á Milt-þvottaefni verndar þú umhverfið þar sem minni losun er á efnum sem fara út í vatnið og geta skaðað lífríkið. Þvottaefni án bleikiefnis er ekki aðeins umhverfisvænt heldur fer það einnig betur með trefjar fataefna.

Milt fyrir barnið

Milt fyrir barnið er sérstaklega þróað til þess að vernda húð barnsins, þar sem hún er oft þunn og viðkvæm.

Börn geta verið viðkvæm gagnvart litar- og aukaefnum og er þeim hætt við að fá ofnæmi, útbrot eða exem. Því þarf að huga vel að hvaða þvottaefni skal nota við þrif á fatnaði, rúmfötum, handklæðum og taubleyjum.

Þvoðu oftar með Milt

Milt þvottaefni er sérþróað fyrir íslenskar aðstæður. Á Íslandi er vatnið steinefnasnautt („mjúkt“), en eiginleikar vatns hafa áhrif á hversu vel þvottaefni nýtist. Of mikið magn þvottaefnis í hverjum þvotti getur aukið hættu á ofnæmi og mengun á umhverfinu. Þar sem Milt er sérþróað fyrir eiginleika íslenska vatnsins fást fleiri skammtar úr hverjum pakka. 2 kg af Milt-þvottaefni duga í alls 40 þvotta. Með minni skammtastærð sparar þú peninga og verndar um leið náttúruna.

Með notkun Milt-þvottaefnis verndar þú húðina, umhverfið og styrkir íslenskan iðnað.



ÞÚ GÆTIR DOTTIÐ Í LUKKUPÞVOTTINN!

Í völdum 2 kg pökkum af **MILT** þvottadufti eru lukkumiðar sem innihalda glæsilega vinninga.

Kauptu **MILT** þvottaduft og þú gætir dottið í lukkuþvottinn!

Whirlpool þvottavél og Philips straujárn frá Heimilistækjum, veglegir balar með frábærum þvotta- og hreinsiefnum eða inneign í Skemmtigarðinn í Smáralind.

MILT **mjöll frigg**

Án ofnæmisvaldandi efna

Án efna sem sitja eftir í tauinu

Sérþróað fyrir íslenskt vatn

Þýskar gæðavélar í yfir hundrað ár

Þvottavélar frá **Miele** eru þekktar fyrir góð gæði og fallett útlit. Vélar eru hannaðar með langan endingartíma í huga. Iðnaðarvélar frá Miele duga þrefalt lengur en aðrar vélar.

Verslunin Eirvík hefur selt Miele-þvottavélar til margra ára. Miele er þýskt gæðamerki og þekkt um allan heim fyrir vandaðar vörur. Þvottavélar eru framleiddar í Þýskalandi en Miele hefur framleitt þvottavélar þar í landi í rúmlega 100 ár. Þórdís Sigurgeirsdóttir, annar eigenda Eirvíkur, segir þvottavélar vera mikla gæðagrip. „Þvottavélar frá Miele hafa verið seldar á Íslandi frá árinu 1930. Þær eru því Íslendingum að góðu kunnar eins og aðrar vörur frá Miele.“ Þvottavélar eru frábrugðnar öðrum vélum hérlendis að sögn Þórdísar að því leyti að tromlan er ryðfrí með vaxkökumynstri sem fyrirtækið hefur einkarétt á. „Ytri belgurinn er úr ryðfríu stáli og inniheldur ekkert plast. Vélar eru þungar og traustar og um leið stöðugar.“ Að sögn Þórdísar eru Miele-þvottavélar smíðaðar með það í huga að endast í 10.000 vinnustundir sem er allt að helmingi lengri ending en hjá öðrum þvottavélum. „Það gerir endingu upp á 18-24 ár, allt eftir því hversu margir eru á heimili og hversu oft er þvegið. Miele-vélar okkar hafa einnig íslenskt stjórnborð og hafa haft það í mjög mörg ár. Allar leiðbeiningar eru líka á íslensku. Vélar hafa mörg skemmtileg þvottakerfi. Auðvitað hafa þær þessi helstu þvottakerfi, til dæmis fyrir bómull og gerviefni, en líka gott ullar- og silkikerfi og svo handþvottakerfi fyrir þá sem til dæmis vilja



þvo lopapeysur í vélinni. Einnig hafa vélar kerfi fyrir skyrtur, gallaefni og svo hraðþvottakerfi sem er mjög vinsælt.“

Iðnaðarvélar fyrir stórnotendur

Eirvík selur líka iðnaðarvélar sem eru öflugar og endingarmiklar vélar. „Þær henta vel í fjölbýlishús, sambýli og fyrirtæki og svo hafa þær verið mjög vinsælar fyrir skipaflotann okkar, bæði fiski- og fraktskip. Þær eru að mestu leyti eins og hinar vélar nema þær eru gerðar fyrir 30.000 vinnustundir en þessar vélar eru gerðar fyrir stöðuga notkun.“ Hún segir iðnaðarvélar líka bjóða upp á að hægt sé að tengja þær við þriggja fasa rafmagn. „Þannig er hægt að setja inn á þær heitt vatn sem þýðir að þær eru mun fljóttari með



til dæmis suðuþvott. Svona hlutir skipta auðvitað máli þegar tíminn er knappur og margir eru að nota hverja vél, eins og til dæmis í fjölbýlishúsum.“

Úrvals þvottaefni

Miele framleiðir líka þvottaefni sem er til sölu hjá Eirvík. Um er að ræða mjög góð efni sem henta fyrir allar þvottavélar. „Þetta eru rosalega góð þvottaefni sem eru framleidd bæði fyrir hvítan þvott og litaðan þvott. Einnig er til sérstakt þvottaefni fyrir ull, silki og dún og einnig íþróttaföt. Efnið fyrir íþróttafötin hefur verið sérstaklega vinsælt hjá okkur. Allir sem prófa það koma aftur og aftur og vilja kaupa meira. Við önnum varla eftirspurn svo vinsælt er það. Það svínvirkar á íþróttafötin.“



Konur notaðar sem burðarklárar

Á nítjándu öldinni og fram á þá tuttugustu báru konur þvottabala fulla af þvotti á bakinu marga kílómetra í þvottalaugarnar í Laugardal. Vinnudagurinn var tíu til fimmtán klukkutímar. Nú bera konur og karlar þvottinn í þvottavélina heima hjá sér.

Þvottavélar, vatnsveita, rafmagn og nútímataeknivæðing gera það að verkum að við þvottum allan þvott heima hjá okkur, hengjum á snúrur innandyrna eða fleggjum öllum herlegheitunum í þurrkara. Ekki er þó svo langt síðan öldin var önnur og þvottaaðstaðan var víðs fjarri heimilinu. Frá því þéttbýli myndadist í Reykjavík og fram til ársins 1930 voru þvottalaugar heimilanna í Laugardal. Þær voru mikið notaðar til þvotta af húsmæðrum og vinnukonum þeirra.

Burðast langar leiðir

Erfitt er fyrir ungt fólk í dag að ímynda sér þá þrekaun sem þvottaferðir voru á þessum tímum. Konurnar gengu flestar frá miðbæ Reykjavíkur inn í Laugardal sem er um þriggja kílómetra leið. Þessa leið þurftu konurnar að ganga með bala, fótú, klöppu, þvottabretti, sápu, sóða, kaffikönnu, bolla, brúsa, nesti og allan þvottinn. Öllu var haganlega komið fyrir í stórum trúbala sem þær roguðust með bognar í baki yfir hóla og hæðir, oft í gegnum blautt gras og torfarna stíga.

Þvottur dagsins gat tekið 10-15 klukkustundir og þá tók við ganga heim með þungan og blautan þvott. Þessa vinna fór fram allt árið í misjöfnum veðrum. Á veturna bættust

svo yfirhafnir og ljósferi við burðinn. Á þessum tíma áttu fáir stígvél og því voru þvottakonur víst oft gegnvotar til fótanna ef bleyta var í jörð.

Undið í höndum

Þurrkun þvotts fór fram utandyra eftir fremsta megni. Snúrur voru við þvottahús þvottalauganna sem voru fullnýttar á góðvindriddögum. Þá var brugðið á það ráð að fleggjá þvottinum yfir girðingar og á gras. Órfáir voru með þurrkloft, þvottahús eða kjallara heimafyrir þar sem hægt var að þerra. Miklu skipti að vinda þvottinn vel til að flýta fyrir þurrki. Til loka 19. aldar var allur þvottur undinn í höndum, en upp úr aldamótum komu handhægar taurullur til að vinda sem sumar konur höfðu meðferðis. Það bætti að vísu á byrðina en til móts kom að miklu gat munað í kílóum á heimleiðinni ef þurrkunin tókst vel.

Elda í Laugunum

Langir dagar við laugarnar kröfðust næringar. Oft var fiskur, kartöflur eða kjöt soðið í heitu vatninu. Maturinn var vafinn í tuskur og settur ofan í laugarnar eða í litlar fótur. Kaffi var lagað úr heitu vatninu en það var ómissandi þáttur í lífi þvottakvenna og barna sem oft voru



Langir dagar við laugarnar kröfðust næringar. Oft var fiskur, kartöflur eða kjöt soðið í heitu vatninu. Maturinn var vafinn í tuskur og settur ofan í laugarnar eða í litlar fótur og kaffi var lagað úr heitu vatninu.

MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

með í þvottaferðum. Reykísk börn voru vanin á að drekka kaffi á þessum tímum og mjólk var munaður sem alþýðufólk naut sjaldan.

Dauði í laugunum

Á árunum 1884-1901 létust þrjár konur eftir að þær höfðu hrasað við hverina í laugunum og brennst illa. Í Fjallkonuna var skrifuð grein þar sem hvatt var til að settar yrðu upp grindur yfir laugarnar til að hindra að þvottakonur og börn þeirra féllu þar ofan í. Þar var ritað: „Verið getur að mönnum sýnist þetta óþarfi og að ekkert þyki á móti því að sjóða

nokkra kvenmenn í hvernum enn þá.“ Eftir það var í fyrstu farið að huga að auknu öryggi og árið 1902 voru hlaðnir veggir í kringum laugarnar og grindur settar yfir.

Breyttir tímar

Byrjað var að leggja veg árið 1885 að laugunum sem tilbúinn var fimm árum síðar. Hið íslenska kvenfélag stóð fyrir vagnferðum að laugunum til að létta hinu þunga oki af þvottakonunum. Deilt hafði verið á að konur væru notaðar sem burðarklárar og var þetta þáttur í baráttu kvenna gegn því. Ferðirnar stóðu

þó skammt og 600 ferðum og ári seinna voru þær lagðar af. Ástæðan var hár kostnaður sem heimilin gátu ekki staðið undir. Um tauma hestvagnsins héldu karlar sem þáðu allt að helmingi hærri laun en þvottakonurnar sem strituðu daglangt við laugarnar. Konur héldu því enn um sinn áfram að þjóna hlutverki burðarklára allt til ársins 1917. Þá ákvað bæjarstjórn Reykjavíkur að bjóða upp á laugarferðir þar sem þvottur var sóttur á fimm staði í Reykjavík. Konurnar þurftu þó enn að ganga því aðeins var fluttur þvottur og þvottabalar á vagninum.

Þessi er með allt á hreinu - við ábyrgjumst það



Við eigum líka fleiri þvottavélar
- jafnvel enn betri en þessa.
Kíktu á úrvalið í versluninni
og á www.IKEA.is.

79.990,-

RENLIG FWM6 þvottavél 6kg

Orkunýtni: A+ Snúningar: 1200. Hvítt
5 ára ábyrgð. 14 þvottakerfi. Seinkunarstilling: allt að 9 klst.
B59,6xD54,1, H84,5cm. Þyngd 59kg

*IKEA heimilistæki eru sérstaklega hönnuð fyrir IKEA í samstarfi
við Whirlpool og Electrolux.*



Misgagnlegar staðreyndir um þvottavélar

- Fyrsta þvottavélin kom fram á sjónarsviðið árið 1760. Þetta var viðarkassi sem fylltur var af fötum og vatni og knúinn handafli.
- Þvottavélar nota rúmlega fimmtung alls vatns sem notað er í Bandaríkjunum.
- Í könnun sem VR gerði árið 2010 kemur fram að konur bera langmesta ábyrgð á þvotti heima fyrir. Á það við alla aldursþópa en yngri karlmenn (35 ára og yngri) eru þó mun duglegri en eldri karlmenn við þvottinn.
- Stór hluti allra sokka, eða um 93%, sem týnast í heiminum hverfur í þvottavélum. Engum hefur tekist að finna skýringuna á því enn þann dag í dag.
- General Electric, Kenmore, Maytag og Whirlpool eru fjórir stærstu þvottavélaframleiðendur í heimi.
- Þvottavélar sem hafa hurð að framan eru skilvirkari og þrifa betur en þær sem hafa hurð ofan á vélinni.
- Þvottavélar eru í þvottahúsum á helmingi bandarískra heimila. Aðrir staðir á heimilum eru til dæmis baðherbergi og eldhús.
- Rúmlega 21 milljón þvottavéla var seld í Evrópu á síðasta ári.
- Fyrsta rafknúna þvottavélin var kynnt til sögunnar árið 1908 og var hönnuð af Alva J. Fisher. Hún bar nafnið „The Thor“. Það var fyrirtækið Hurley Machine Company í Chicago í Bandaríkjunum sem setti vélina á markað.
- Fyrstu þurrkararnir komu fram snemma á 19. öld í Englandi og Frakklandi. Þeir voru handknúnir og þá yfirleitt yfir eldi. Fyrsti rafknúni þurrkarinn kom á markað árið 1915.
- Þvottavélar eru kannski ekki uppspretta mikilla menningarafreka en þó gerði ítalski leikstjórinn Ruggero Deodato myndina The Washing Machine (Vortice mortale) árið 1993. Deodato er helst þekktur fyrir hryllingsmyndina Cannibal Holocaust frá árinu 1980. Myndin segir frá lögglumanni sem rannsakar morð á manni sem fannst sundurlimaður í þvottavél. Inn í rannsóknina flækjast unnusta látna mannsins og tvær systur hennar. Myndin var ekki tilnefnd til Óskarsverðlauna.
- Rokksveitin goðsagnakennda Sonic Youth gaf út plötuna Washing Machine árið 1995, stuttu eftir að hafa lokið hljómléikaferð sinni með Lollapalooza-tónlistarhátíðinni sama ár. Platan náði 39. sætinu á breska breiðskífulistanum.
- Konur í Bandaríkjunum sjá í 90 prósentum tilfella um þvottinn á heimilinu.
- Sumir hafa gengið svo langt að líkja tilkomu þvottavéla á sínum tíma og áhrifum þeirra á stöðu kvenna við getnaðarvarnarpilluna og rétt kvenna til að fara út á vinnumarkaðinn. Tímasparnaðurinn samanborið við handþvott er gríðarlegur.
- Íslendingar ættu ekki að nota jafn mikið af þvottaefni og gefið er upp á erlendum pakkningum. Uppgefið magn á kíló af þvotti er oftast reiknað fyrir kalkríkt vatn en kalda vatnið hér á landi hefur lítið kalkinnihald og nær ekki að leysa upp allt þvottaefnið ef mikið er notað. Þá sest það í þvottinn og skilur eftir gráa bletti. Oftast má helminga það magn sem upp er gefið.



Auður á von á nýjung frá Electrolux í Húsasmiðjuna í haust. Hún segir það þess virði að koma og skoða þvottavélina sem von er á. MYNDVALLI

Auðveldar í notkun

Húsasmiðjan býður upp á gott úrval gæðaðþvottavéla sem eru auðveldar í notkun. Von er á nýrri vél frá Electrolux sem tekur allt að tíu kíló af þvotti. Raftæki frá Electrolux eru þekkt fyrir gæði.

Húsasmiðjan er með gott úrval þvottavéla og þar á meðal eru vélar frá Electrolux en fyrirtækið er þekkt fyrir mikil gæði í raftækjum sínum. „Við bjóðum upp á þvottavélar frá Electrolux fyrir mjög breiðan hóp viðskiptavina en vélarar taka frá sex kílóum af þvotti og allt upp í tíu kíló,“ segir Auður Auðunsdóttir, hjá söludeild Húsasmiðjunnar. „Við erum með mjög einfaldar og góðar eitt þúsund snúninga vélar sem taka sex kíló. Einnig 1200 snúninga vélar sem taka líka sex kíló. Svo erum við með vélar sem taka sjö kíló og þær eru bæði 1400 snúninga og 1600 snúninga.

Síðastnefnda vélin er með kolausum mótör, sem er aflmeiri og hljóðlátari.“

Auður segir allar þessar vélar eiga það sameiginlegt að vera mjög auðveldar í notkun en þær eru með skjái sem sýna bæði kerfi og þvottatíma. „Í dag eru þvottavélar með val um styttingu á þvottakerfum. Það þýðir að hægt er að velja hvaða þvottakerfi sem er og stytta þvottatímamann niður í allt að þrjátíu mínútur. Það fer eftir því hvaða kerfi valið er hversu mikið er hægt að stytta tímann.“

„Við eigum von á nýjung í þvottavélalínuna hjá okkur í haust sem við biðum spennt eftir. Það er 1400

snúninga vél frá Electrolux sem tekur tíu kíló. Hún hefur sérstakt gufukerfi sem hentar vel fyrir fatnað sem krumpast gjarnan en kerfið gefur nokkurs konar „gufu skot“. Stærð tromlunnar er 69 lítrar og vélin er með skynjara sem lætur vita ef hún er ofhlaðin. Mótörinn er með aukið afl og er sérstaklega hljóðlátur. Af öllu þessu má heyra að þetta er þvottavél sem vert er að koma og skoða. Sjón er sögu ríkari,“ segir Auður.

Auk þessa má geta að Húsasmiðjan var fyrsta fyrirtækið sem bauð fimm ára ábyrgð af vinnu og varahlutum heimilistækja og hún rekur sitt eigið raftækjaverkstæði.

Skoðið leiðbeiningar

Margir hafa lent í því að taka út bleikar flíkur úr þvottavélinni sem voru hvítar áður en þær fóru inn. Mikilvægt er að huga vel að því hvað sett er saman í vélina og hvaða stillingar vélarinnar eru valdar.

Til að fót og klæði haldist falleg í sem lengstan tíma borgar sig að athuga þvottaleiðbeiningar vel áður en þeim er skellt í þvottavélar. Sum fót þola ekki mikinn hita og önnur þola alls engan þvott og þarf þá að setja þau í hreinsun í efnalaug.

Nýjan fatnað ætti að þvo áður en hann er notaður. Þannig mýkist hann og óæskileg efni sem ef til vill hafa komist í hann í flutningi eða við framleiðslu nást úr.

Svo liturinn haldist sem best í flíkunum þarf að flokka þvottinn eftir lit og hve hátt hitastig er gefið upp á hverri flík. Einnig er sniðugt að aðgreina flíkur sem notaðar eru dags daglega og þær sem notaðar eru spari. Föt sem eru með sterka liti þarf að þvo sér því annars smitast liturinn yfir í aðrar flíkur, sérstaklega þegar þau eru þvegin í fyrsta skipti. Gallabuxur láta til dæmis einhvern lit í hvert skipti sem þær eru þvegnar.

Heppilegt er að þvo þvott á röngunni, sérstaklega litaðan þvott. Það fer betur með fötin á meðan á þvottinum stendur og dregur úr líkum á að þau hnökri.

Ekki er mælt með að geyma óhreina þvottinn lengi í þvottakörf-



Flíkur í sterkum litum ætti að fara saman í vélina.

unni. Því fyrr sem þvotturinn er þveginn, því líklegri er að óhreindin náist úr efninu. Eferfiðir blettir eru í fötunum er nauðsynlegt að meðhöndla þá sérstaklega með blettæyði eða öðrum ráðum og þvo flíkina síðan á hefðbundinn hátt.

Varast skal að nota of mikið þvottaefni. Uppgefið magn á þvottaefnum er yfirleitt miðað við vatn sem er kalkríkt en kalda vatnið hér á landi hefur lítið kalkinni-

hald og nær ekki að leysa upp allt þvottaefnið ef mikið er notað. Þá sest það í þvottinn og skilur eftir gráa bletti. Oftast má helminga það magn sem upp er gefið.

Til að vernda þvottavélina er nauðsynlegt að tæma alla vasa af smáhlutum og sniðugt er að renna öllum rennilásunum á fötunum. Gott er að þvo einstaka sinnum á 60 gráðum til að hreinsa vélina og varast skal að ofhlaða hana.